

# 306. fundur Skólanefndar FS

## 8. febrúar 2011



**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Oddný Harðardóttir, Böðvar Jónsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Bjarki Rúnarsson og María Magnúsdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf annar.
  2. Verkefni framundan.
  3. Önnur mál.

### 1. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi vorannar er nemendur í dagskóla eru 966, nemendur í Kvöldskóla eru 66 og 62 grunnskólanemendur stunda nám í einstökum áföngum. Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir hætti um áramót og var Ása Skúladóttir ráðin í hennar stað. Hanna María Kristjánsdóttir kennslustjóri og Sesselja Bogadóttir námsráðgjafi sneru aftur til starfa eftir barneignarleyfi. Kennarar á önninni eru 78 og aðrir starfsmenn eru 13. Verið er að vinna að endurskoðun skólasamnings og þar óskar skólinn eftir fjölgun nemendaígilda.


### 2. Verkefni framundan.

Skólameistari kynnti tilboð skólans fyrir unga atvinnuleitendur en þar er gert ráð fyrir 10 vikna námi. Námið fer af stað nú í febrúar með 11 nemendur. Verið er að þróa stuttar starfsnámsbrautir og er stefnt að því að bjóða upp á tölvubraut í haust. Einnig er verið að skoða að bjóða upp á nám á starfsnámsbrautum síðdegis fyrir fólk á aldrinum 20-30 ára.

### 3. Önnur mál.

- a) Þingmenn kjördæmisins heimsóttu skólann og kynntu sér stöðu hans og stöðuna á svæðinu í menntunar- og atvinnumálum.
- b) Fulltrúi nemenda sagði frá starfsemi nemendafélagsins en lið skólans eru komin í 16 liða úrslit í Gettu betur og 8 liða úrslit í MORFÍS.
- c) Skólameistari sagði frá gerð skólaskýrslu en þar eru upplýsingar um hvert skólaár teknar saman.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,  
fundarritari